

## 5. Fundur Fagráðs umhverfismála - SSNE

### Teams fundur, 24. 01. 2024

Mætt voru: Guðmundur Sigurðarson, Rut Jónsdóttir, Ottó Elíasson (formaður), Salbjörg Matthíasdóttir, Arnar Stefánsson og Smári Jónas Lúðvíksson starfsmaður SSNE. Sigurborg Ósk Haraldsdóttir nýr starfsmaður í umhverfisteymi SSNE og Kristín Helga Schiöth nýr fráfari starfsmaður umhverfisteymis SSNE og framkvæmdastjóri Líforkugarða ehf. sátu fundinn undir öllum liðum.

Fundurinn var haldinn á Teams milli kl. 10:30-12:30 þann 24. janúar 2024.

#### 0. Verkaskipting innan fagráðs

Ottó Elíasson sitjandi formaður fagráðs umhverfismála hefur beðist undan formennsku í ráðinu en mun þó sitja áfram sem almennur nefndarmaður.

Rut Jónsdóttir bauðst til að taka við stöðu formanns og hlaut hún stuðning annarra í ráðinu.

#### 1. Kynning á nýjum starfsmanni – Hreyfingar eru í starfsmannamálum í umhverfisteyminu og hefur Sigurborg Ósk Haraldsdóttir bæst í hópinn, hún mun kynna sig á fundinum.

Kynntur var til leiks nýr starfsmaður í teymi umhverfismála SSNE. Tekinn var hringur þar sem ráðsfólk og Sigurborg kynntu sig. Fráfari starfsmaður Kristín Helga kom inn í lok kynningar og var henni þakkað fyrir hennar störf og henni óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

#### 2. Staða verkefna – Farið verður yfir helstu verkefni síðasta árs og í hvaða stöðu þau eru.

- a. **Líforkuver og Orkubændur:** Kristín fór yfir stöðu verkefnanna en þau mun færast yfir í nýstofnað félag Líforkuver ehf. Kristín helga mun stýra því félagi og er hún því að stíga frá sem starfsmaður SSNE
- b. **Græn skref:** Kristín fór yfir stöðu “Græn skref SSNE” og árangur síðasta árs en hún mun stíga frá umsjón þess verkefnis og Sigurborg tekur við.
- c. **Loftum:** Smári fór lauslega yfir stöðu Loftum II
- d. **Samfélagslosun/svæðisstefna í loftlagsmálum** Smári fór yfir vinnu við mat á svæðislosun í tengslum við mögulega svæðisbundna stefnu í loftlagsmálum
- e. **Loftlagsstefnur sveitarfélaga:** Smári fór fyrirhugaða aðstoð við loftlagsstefnugerð um innri reksturs sveitarfélaga
- f. **Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgang á norðurlandi 2023-2036:** Smári fór yfir stöðu svæðisskipulags úrgangs og að hún sé full samþykkt og hefur tekið gildi. Næsta skref er að hefjast handa í samræmi við aðgerðaráætlun og er sú vinna hafinn. Sveitarfélögin hafa verið hvött til að gera innri tímasetta aðgerðaráætlun.
- g. **RECET:** Ottó Elíasson kynnti stöðu RECET en verkefnið er í umsjón Eims og þátttöku SSNE
- h. **Endurheimt votlendis:** Smári fór lauslega yfir viðbrögð sveitarfélaga við samantekt “endurheimt votlendis á Norðausturlandi”
- i. **SvæðisSKIPULAG:** Sigurborg Ósk Haraldsdóttir kom lítilega inná stöðu svæðisSKIPULAGA á svæðinu og tækifæri í notkun svæðisSKIPULAGS í sameiginlegri áætlanagerð.

- j. **Sorpbrennsla á Norðurlandi** Smári gerði grein fyrir stöðu verkefnisins skör ofar II þar sem frekari greining fer fram á möguleikum sorpbrennslu á Íslandi með hagkvæmni greiningu á einn eða tveimur brennslum(önnur í Eyjafirði), **Loftlagsráð**, Smári gerði grein fyrir að skipunartími hans í loftlagsráði sé lokið og beðið sé skipunar nýs ráðs.
- k. **Samtals hópur umhverfisstarfsfólks sveitarfélaga.** Smári gerði grein fyrir samtals hóp þar sem boðuð eru saman aðilar sem vinna að svipuðum verkefnum hjá sveitarfélögunum sem koma að einhverju leiti að umhverfismálum. Stefnt er að samtali og jafningjafræðslu með utanaðkomandi fræðslu inn á milli.

### **3. Uppbyggingarsjóður - Rut fer yfir uppbyggingarsjóðs úthlutanir sem fulltrúi nefndar.**

Rut Jónsdóttir fór yfir úthlutun í uppbyggingarsjóð og minntist sérstaklega á nokkur verkefni.

*Ályktun:*

### **4. Áhersluverkefni 2024 – Fara yfir möguleg áhersluverkefni ársins 2024.**

Farið var yfir möguleg áhersluverkefni 2024 og kynnt að verkefnið Uppspretta og Loftum II hafi fengið áframhaldandi fjármögnun

*Ályktun:*

### **5. Starfsáætlun – Rennt er yfir verkefni sem eru á starfsáætlun umhverfisteymisins 2024.**

Farið var yfir starfsáætlun SSNE fyrir árið 2024 og voru dregnar fram áherslur og verkefni teymis umhverfismála.

### **6. Tímasetningar funda 2024- lagt er til að við ákveðum fundartíma fyrir árið strax í upphafi árs.**

Ekki gafst tími til að ákvarða tímasetningu fyrir fundi fagraðs á árinu an var ákveðið að taka það fyrir í tölvupóst samskiptum eða annan þátt utan fundartíma sem fyrst.

### **7. Önnur mál.**

Engin önnur mál voru borin fram á fundinum